

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014, ásamt síðari breytingum.

#### 1. gr.

##### *Þvingunaraðgerðir.*

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 2. gr. reglugerðar um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu nr. 281/2014:

- 3.21 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1561 frá 14. september 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 3.21.
- 4.24 Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1547 frá 14. september 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.24.
- 4.25 Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2017/1549 frá 14. september 2017 um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, sbr. fylgiskjal 4.25.
- 7.8 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2214 frá 30. nóvember 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.8.
- 7.9 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2426 frá 21. desember 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.9.
- 8.4 Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/2212 frá 30. nóvember 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.4.

#### 2. gr.

##### *Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 4. og 12. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða nr. 93/2008, öðlast þegar gildi.

*Utánríkisráðuneytinu, 10. janúar 2018.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Sturla Sigurjónsson.*

**Fylgiskjal 3.21.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/1561****frá 14. september 2017****um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraín <sup>(1)</sup>, einkum 1. og 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 13. mars 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/445 <sup>(2)</sup>, um að framlengja þær aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ um sex mánuði til viðbótar.
- 3) Með tilliti til þess að stöðugt er grafið undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða þeim ógnað ætti að framlengja ákvörðun 2014/145/SSUÖ um sex mánuði til viðbótar.
- 4) Ráðið hefur endurskoðað tilgreiningarnar sem settar eru fram í viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ og ákveðið að breyta upplýsingum varðandi tiltekna einstaklinga og rekstrareiningar.
- 5) Eyða ætti færslum um fjóra látna aðila af skránni yfir tilgreinda aðila og rekstrareiningar.
- 6) Í kjölfar breytinga á eignarhaldi á þremur rekstrareiningum ætti að breyta viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ til þess að halda aðgerðum gegn þeim áfram.
- 7) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/145/SSUÖ til samræmis við það.

**SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:***1. gr.*

Ákvörðun 2014/145 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 2. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:  
„7. Þrátt fyrir 2. mgr. getur aðildarríki heimilað greiðslur til Crimean Sea Ports fyrir veitta þjónustu í fiskihöfninni í Kerch og í sjóflutningahöfnunum í Yalta og Evpatoria og veitta þjónustu af hálfu Gosgidrografiya og útibúa hafnarstöðva Crimean Sea Ports.“
- 2) Í stað annarrar málsgreinar 6. gr. komi eftirfarandi:  
„Ákvörðun þessi gildir til 15. mars 2018.“

*2. gr.*

Viðaukanum við ákvörðun 2014/145/SSUÖ er breytt í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 14. september 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

A. ANVELT

*forseti.*<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/445 frá 13. mars 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 67, 14.3.2017, bls. 88).

## VIÐAUKI

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:

<http://data.europa.eu/eli/dec/2017/1561/oj>.

**Fvlgiskjal 4.24.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/1547**

frá 14. september 2017

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars. 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 <sup>(2)</sup> koma til framkvæmda aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ.
- 2) Hinn 14. september 2017 samþykkti ráðið framkvæmdareglugerð (ESB) 2017/1549 <sup>(3)</sup> um framkvæmd reglugerðar (ESB) 269/2014 þar sem „Crimean Sea Ports“ var bætt á skrána yfir tilgreinda aðila og rekstrareiningar.
- 3) Hinn 14. september 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/1561 <sup>(4)</sup> um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ þar sem það veitti undanþágur fyrir greiðslur til Crimean Sea Ports fyrir veitta þjónustu í fiskihöfninni í Kerch og í sjóflutningahöfnunum í Yalta og Evpatoria og veitta þjónustu af hálfu Gosgidrografiya og útibúa hafnarstöðva Crimean Sea Ports.
- 4) Lagasetning á vettvangi Sambandsins er nauðsynleg til að framfylgja framkvæmdareglugerð (ESB) 2017/1549 og ákvörðun (SSUÖ) 2017/1561, einkum til að tryggja sé að rekstraraðilar í öllum aðildarríkjunum beiti þeim með samræmdum hætti.
- 5) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*I. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi grein bætist við:

*„6. gr. a*

Þrátt fyrir 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað greiðslur til Crimean Sea Ports fyrir veitta þjónustu í fiskihöfninni í Kerch og í sjóflutningahöfnunum í Yalta og Evpatoria og veitta þjónustu af hálfu Gosgidrografiya og útibúa hafnarstöðva Crimean Sea Ports.“

- 2) Í stað a-liðar 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„a) um frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru skv. 4., 5. og 6. gr. og 6. gr. a“.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.  
Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. september 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*  
A. ANVELT  
*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

<sup>(2)</sup> Reglugerð (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6).

<sup>(3)</sup> Framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2017/1549 frá 14. september 2017 um framkvæmd ákvörðunar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 44).

<sup>(4)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/1561 frá 14. september 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu, (Stjtið. ESB L 237, 15.9.2017, bls. 72)

**Fylgiskjal 4.25.****FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (ESB) 2017/1549****frá 14. september 2017****um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu**

I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 269/2014 skal breytt í samræmi við viðaukann við reglugerð þessa. (Efnisútdráttur).

*VIÐAUKI*

Viðaukinn er birtur á vef Stjórnartíðinda ESB:  
[http://data.europa.eu/eli/reg\\_impl/2017/1549/oj](http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2017/1549/oj).

**Fylgiskjal 7.8.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/2214****frá 30. nóvember 2017****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ <sup>(1)</sup>.
- 2) Ráðið telur að þær þvingunaraðgerðir sem settar eru fram í ákvörðun 2014/512/SSUÖ ættu ekki að hafa áhrif á evrópska geimiðnaðinn.
- 3) Hinn 1. október 2015 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2015/1764 <sup>(2)</sup>. Sú ákvörðun innleiddi undan-tekningar vegna tiltekinna aðgerða er varða sértæk skoteldafni, sem um getur í sameiginlegum hergagna-lista Evrópusambandsins <sup>(3)</sup> og nauðsynleg eru til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af skotbúnaðarþjónustuaðilum aðildarríkja eða með staðfestu í aðildarríki, eða við skot á vegum geimvísinda-

áætlana Sambandsins, aðildarríkja þess eða Geimvísindastofnunar Evrópu, eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu framleiðenda gervihnatta með staðfestu í aðildarríki.

- 4) Ráðið telur að heimila ætti tilteknar aðgerðir sem varða hýdrasin sem um getur í sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og nauðsynlegt er fyrir flutningseiningu ExoMars-farsins og fyrir aðflugseiningu ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins.
- 5) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 2. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5a. Bönningin í 1. og 3. mgr. skulu ekki gilda um sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutning og innflutning, kaup eða flutning á hýdrasíni (CAS 302-01-2), sem er 70% að styrk eða þar yfir, fyrir prófanir og flug aðflugseiningar ExoMars-farsins og flug flutningseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að heildarmagn hýdrasins, sem ætlað er til prófana og flugs aðflugseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, reiknað út í samræmi við þarfir hvers áfanga þess leiðangurs, sé ekki meira en 5 000 kg fyrir allan tímann sem leiðangurinn varir,
- b) að heildarmagn hýdrasins, sem ætlað er til flugs flutningseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, sé ekki meira en 300 kg.“

- 2) Eftirfarandi komi í stað 6. mgr.:

„6. Bönningin í 2. mgr. gilda ekki um veitingu tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu og um veitingu fjármögnunar eða fjárhagsástoðar í tengslum við aðgerðirnar sem um getur í 5. mgr. og 5. mgr. a.“

- 3) Eftirfarandi komi í stað 7. mgr.:

„7. Aðgerðirnar sem um getur í 5. mgr., 5. mgr. a og 6. mgr. skulu vera háðar fyrirframleyfi lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna. Aðildarríki skulu tilkynna ráðinu með viðeigandi hætti um öll tilvik þar sem þau veita slíkt leyfi. Þar á meðal skulu vera ítarlegar upplýsingar um fjárhæðir sem yfirfærðar eru og endanlega notkun.“

##### 2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

K. SIMSON

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13).

<sup>(2)</sup> Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1764 frá 1. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 257, 2.10.2015, bls. 42).

<sup>(3)</sup> Sameiginlegur hergagnalisti Evrópusambandsins sem ráðið samþykkti 9. febrúar 2015 (Stjtið. ESB. C 129, 21.4.2015, bls. 1).

**Fylgiskjal 7.9.****ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2017/2426**

frá 21. desember 2017

**um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

Fyrsta undirgrein 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar 2014/512/SSUÖ hljóði svo:

1. Þessi ákvörðun skal gilda til 31 júlí 2018. (Efnisútdráttur)

**Fylgiskjal 8.4.****REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2017/2212**

frá 30. nóvember 2017

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2017/2214 frá 30. nóvember 2017 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014 <sup>(2)</sup>.
- 2) Hinn 30. nóvember 2017 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2017/2214 í því skyni að heimila tilteknar aðgerðir sem varða hýdrasín (CAS 302-01-2) sem er 70% að styrk eða þar yfir, sem er að finna á sameiginlegum hergagnalista Evrópusambandsins og er nauðsynlegt fyrir flug flutningseiningar ExoMars-farsins og fyrir prófanir og flug aðflugseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins.
- 3) Breytingarnar falla undir gildissvið sáttmáls og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2aa Bönnin í a- og b-lið 1. mgr. skulu ekki gilda um beina eða óbeina veitingu tækniástoðar, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar sem tengist sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi og innflutningi, kaupum eða flutningi á hýdrasíni (CAS 302-01-2) sem er 70% að styrk eða þar yfir, að því tilskildu að tækniástoðin, fjármögnunin eða fjárhagsástoðin eigi við um hýdrasín sem er ætlað til:

- a) prófana og flugs aðflugseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, í magni sem reiknað er út í samræmi við þarfir hvers áfanga þess leiðangurs en er í heild ekki meira en 5.000 kg fyrir allan tímann sem leiðangurinn varir eða
- b) flugs flutningseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, í magni sem reiknað er út í samræmi við þarfir flugsins en er í heild ekki meira en 300 kg.“

- 2) Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. b):

„2b. Veiting tækniástoðar, fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, beint eða óbeint, í tengslum við aðgerðirnar sem um getur í 2. mgr. a og 2. mgr. aa skal vera háð fyrirframleyfi lögbærra stjórnvalda. Þeir sem sækja um leyfi skulu afhenda lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi upplýsingar sem óskað er eftir.

Lögbær stjórnvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll leyfi sem eru veitt.“

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. nóvember 2017.

*Fyrir hönd ráðsins,*

K. SIMSON

*forseti.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 316, 1.12.1017, bls. 20.

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1).